

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

4. febrúar 2026
UOS2501404/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8. janúar 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í First Water (áður Landeldi hf.), Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn í Ölfusi þann 4. desember 2025. Þann 30. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað inn 11. júlí 2025, frávikin er lokað.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikin er lokað.
3. 2. gr. reglugerð nr. 990/2008 um ústreymsibókhald. Rekstraraðili ber að skila inn ústreymsibókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ústreymsibókhald fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikin er lokað.
4. 41. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Mengunarvarnir þurfa að vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu. Rekstraraðili hefur sett árekstrarvörn við olíugeymi 8. janúar 2026. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
5. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Taka skal myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Engar myndir voru teknar við útrásina fyrir árið 2024. Rekstraraðili hefur breytt verklaginu hjá sér og bætt við myndartökum af útrás inn í vöktun eldis. Fyrsta mynd ársins hefur borist eftirlitsaðila. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
6. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslíð áður en því er veitt í

viðtaka. Frárennsli frá stóru kerjunum er veitt óhreinsuðu út í viðtaka. Rekstraraðili áætlað að hreinsistöðin verði komin í rekstur um mitt sumar 2026.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur í teymi eftirlits